

Alþingi
Erindi nr. P 138/943
komudagur 22.1.2010

Reykjavík 21. janúar 2010
Tilv. FLE 1-2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

b/t Kristjönu Benediktsdóttur

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr 3/2006, og fleiri lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn, 218 mál.

Með vefpósti dags. 28. desember s.l. óskaði Viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE.

Álitsnefndin tók málið til umfjöllunar og gerir meðfylgjandi athugasemdir og tillögur við frumvarpið :

Almennar athugasemdir:

1. Nefndin telur að full ástæða sé til að lög um ársreikninga verði endurskoðuð í heild sinni og gerir því ekki að svo stöddu tillögur um aðrar breytingar á lögnum en þær sem snúa að þeim hlutum þeirra sem núverandi frumvarp fjallar um. Þó eru hér settar fram nokkrar tillögur til breytinga sem nauðsynlegar eru vegna samhengis við önnur ákvæði í frumvarpinu og lög um endurskoðendur.
2. Nefndin telur almennt óheppilegt að í lögum sé notað orðalagið að “semja ársreikning”. Eðlilegra sé að nota orðalagið að “gera ársreikning”. Leggur nefndin því til að þessu orðalagi sé breytt alls staðar þar sem það er notað í lögnum.

Athugasemdir við einstakar greinar:

1 grein b.

Við viljum benda á að tillaga að breytingu fjárhæða er ekki í samræmi við verðlagsþróun á því tímabili sem kemur fram í umsögn um greinina.

2 grein c.

Lagt er til að í stað setningarinnar „*Hafi annar en endurskoðandi samið ársreikninginn, sbr. 35. grein laga um bókhald, skal undirritun hans og dagsetning vera hluti ársreikningsins*“ komi :

„*Áritun þess sem tekið hefur að sér að gera ársreikning sbr. 35. gr laga um bókhald, skal vera hluti hans.*“

Þessi breytingartillaga er sett fram til þess að skýrt sé að áritun þess sem annast gerð óendurskoðaðs ársreiknings sé hluti hans, óháð því hver á í hlut.

4 grein

Lagt er til að greinin orðist svo:

„*8. gr. laganna orðist svo:*

Félag skal ákvarða starfrækslugjaldmiðil sinn í samræmi við settar reikningssskilareglur. Félag skal færa bókhaldsbækur sínar í starfrækslugjaldmiðli sínum og gera ársreikning félagsins í þeim gjaldmiðli.

Félag skal tilkynna ársreikningaskrá um breytingu á starfrækslugjaldmiðli félagsins innan mánaðar eftir að það hefur tekið ákvörðun um að breyta starfrækslugjaldmiðli sínum, í samræmi við settar reikningssskilareglur.

9. og 10. grein laganna falli niður.“

Nefndin telur ekki eðlilegt að sækja þurfi sérstaklega um heimild til að fara að ákvæðum laga og/eða alþjóðlegra reikningssskilastaðla í þessu tilviki, enda eru ákvæði staðlanna skýr að þessu leyti. Af tillögu nefndarinnar leiðir að núverandi ákvæði 9. og 10. greina laganna eiga ekki við .

Nefndin telur nauðsynlegt að í framhaldi af framangreindum tillögum hennar, þurfi jafnframt að breyta ákvæðum 2. málsgreinar 7. greinar og 76. greinar laganna .

2. málsgrein 7. greinar laganna orðist svo :

„*Félögum sem hafa annan starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónu er heimilt að birta fjárhæðir í ársreikningi í starfrækslugjaldmiðli félagsins eða, ef um samstæðureikning er að ræða, í starfrækslugjaldmiðli móðurfélagsins.*“

76. grein laganna orðist svo :

„*Við gerð samstæðureikninga skal sérhvert félag innan samstæðunnar, þar með talið móðurfélagið, ákvarða starfrækslugjaldmiðil sinn í samræmi við settar reikningssskilareglur, sbr. 8. gr. Við gerð samstæðureikninga skal umreikna rekstrarárangur og fjárhagsstöðu hvers félags innan samstæðunnar, í samræmi við settar reikningssskilareglur.*“

6 grein 2 málsliður

Lagt er til að í stað orðanna „*Þá skal upplýsa um a.m.k. tíu hluthafa og hundraðshluta hlutaftár þeirra sem eiga stærstan eignarhlut í félaginu í lok ársins*“ komi „*Þá skal upplýsa um að lágmarki tíu stærstu hluthafa eða alla ef hluthafar eru færri en tíu, og hundraðshluta hlutaftár hvers þeirra í lok ársins*“ . Nefndin telur núverandi orðalag óskýrt.

8 grein b.

Hér má vitna í stærðarmörk 1 mgr.1 gr laganna í stað þess að endurtaka þau.

19 grein b.

Lagt er til að 2. mgr. 104 gr. hljóði svo : „Áritun endurskoðanda skal vera í samræmi við það sem fram kemur í lögum um endurskoðendur nr .79/2008. Auk þess skal í áritun endurskoðanda koma fram álit á því hvort skýrsla stjórnar geymi þær upplýsingar sem þar ber að veita “

Nefndin telur ekki rétt að telja með þessum hætti upp hvað koma skal fram í áritun endurskoðenda enda eru skýr ákvæði um það í lögum um endurskoðendur þar sem segir að áritunin skuli vera í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Með því að telja upp hluta af því sem þar kemur fram, eins og lagt er til í frumvarpinu, er hætta á að ákvæði laganna tveggja stangist á.

26 grein

Nefndin vill benda á að tillaga að breytingu fjárhæða er ekki í samræmi við verðlagsþróun frá því lögin voru sett á sínum tíma.

28 grein

Lagt er til að í stað orðanna „Fjármálaráðherra getur skipað“ skuli áfram standa „Ráðherra skal skipa“

Álitsnefndin vill benda á mikilvægi reikningsskilaráðs og vísar í því sambandi til hlutverks þess samkvæmt 119. grein laga um ársreikninga.

29 grein

Álitsnefndin vill vekja athygli á að refsíákvæði um endurskoðendur koma fram í lögum um endurskoðendur nr. 79/2008. Nefndin leggur því til að ákvæði um hvað teljist refsiverð brot endurskoðenda samkvæmt þessum lögum falli niður enda eru sömu brot refsiverð samkvæmt lögum um endurskoðendur og reyndar mörg fleiri. Álitsnefnd telur hins vegar eðlilegt að þau efnisatriði sem fram koma í d. lið þessarar greinar frumvarpsins verði látin standa.

Breytingatillögur við aðrar greinar laganna:

Nefndin leggur til að gerðar verði breytingar á 2. mgr. 100. gr. laganna og þar bætt við : „Ekki er hægt að segja upp samningi um endurskoðun vegna ágreinings um reikningsskilareglur eða endurskoðunaraðferðir. Láti endurskoðandi af störfum áður en starfstíma hans lýkur ber honum og stjórn félagsins að tilkynna starfslok endurskoðandans og ástæður þeirra til endurskoðendaráðs“

Ástæða þessarar tillögu er sú að þessi ákvæði eru þegar inni í lögum um endurskoðendur og í samræmi við 38. grein 8. félagatilskipun

Evrópusambandsins en tilgangur þeirra er að styrkja óhæði endurskoðenda. Ekki er eðlilegt að ákvæði sem leggja skyldur á stjórnendur félaga eða takmarka rétt þeirra séu eingöngu að finna í lögum um endurskoðendur.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda



Sigurður B. Arnþórsson
Framkvæmdastjóri FLE